

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá bs. Stekkjarvík



Dags eftirlits	13.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinnur Karlsdóttir
Fyrirtæki	Norðurá bs.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Skagfirðingabraut 17	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5602060620	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Viggósson / Magnus B. Jónsson	ÍSAT nr.	38.21
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	441620,709 580284,876

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt nýtt frávik vegna mælinga en engin ábending var sett fram. Eitt eldra frávik er opið er varðar virkni hreinsivirkis.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór eftirlit á urðunarstað Norðurá bs. í Stekkjarvík. Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn degi fyrir rafrænan eftirlitsfund, umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Skoðunarferð
- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi) og breytingar á rekstri (gr. 1.4)
- Niðurstöður síðasta eftirlits og úrbætur
- Hreinsivirki (gr. 3.3 í starfsleyfi) og úrbætur.
- Samráðsfundur (gr. 1.10 í starfsleyfi)
- Önnur mál

Þegar farið var í skoðunarferð var svæðið snyrtilegt og því ekki tilefni til athugasemda. Ásamt því að skoða urðunarhólfid og gryfju fyrir lífrænan úrgang var komið við á stjórnstöð hauggassöfnunar. Farið var niður að hreinsivirki sigvatns og staðsetning mælibrunns fyrir neðan setubeðið rædd ásamt virkni setubeðsins. Jafnframt voru kurl og kísilrykshaugar skoðaðir.

Farið var yfir umfang starfseminnar en umsókn um aukna árlega urðun liggur fyrir hjá Umhverfisstofnun. Í núgildandi starfsleyfi er heimilt að urða 21.000 tonn á ári en sótt hefur verið um breytingu á starfsleyfi til að urða 30.000 tonn á ári. Magntölur urðaðs úrgangs út október 2020 voru skoðaðar og út frá þeim má áætla að meira verði urðað í Stekkjarvík í ár en í fyrra, árið 2019 voru urðuð 20.246 tonn. Jafnframt hefur verið sótt um leyfi fyrir brennsluofni fyrir dýrahæ og sláturúrgang í Stekkjarvík.

Niðurstöður síðasta eftirlits voru ræddar ásamt eldri opnum frávikum og úrbótaáætlun. Eitt frávik var skráð í síðasta eftirlit frá gr. 5.1. í starfsleyfi vegna skráninga sem höfðu ekki borist stofnuninni. Viðeigandi skráningu hefur verið skilað inn og frávikinu er hér með lokað. Unnið er eftir úrbótaáætlun vegna eldra fráviks frá gr. 3.3. í starfsleyfi sem skráð var í fyrra eftirliti 2019 en sýndu niðurstöður efnamælinga að mörg mæligildi voru hærra fyrir neðan hreinsivirkið heldur en ofan við það. Skv. úrbótaáætlun var settur niður nýr brunnur og mælt var í honum haustið 2019. Í áætluninni kemur einnig fram að eftir reglubundnar mælingar vorið 2020 ætti að taka ákvörðun um hvort að farið yrði í framkvæmdir til að auka virkni setubeðsins. Mælingar voru ekki framkvæmdar vorið 2020. Nú á haustdögum voru framkvæmdar reglubundnar mælingar og sýna þær að einhverju leyti sömu niðurstöður og áður, það er að gildi eru hærra neðan hreinsivirkis en ofan þess.

### Frávik frá

### Lýsing á frávik

Gr. 5.2 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal skv. gr. 5.2 í starfsleyfi framkvæma mælingar, til að vakta samsetningu sigvatns, fyrir 1. maí og 1. október ár hvert. Fyrri mælingar á samsetningu sigvatns voru ekki framkvæmdar árið 2020.

## ANNAÐ

Samráðsfundur fór fram samhliða eftirlitinu.

Rætt var um móttöku á olíumenguðum jarðvegi inn á urðunarstaðinn en rekstraraðili kallar eftir leiðbeiningum um hvernig eigi að meðhöndla slíkan úrgang. Enn frekar þarf að skýra hvort urðunarstaðurinn hafi heimild til að taka við olíumenguðum jarðvegi til meðhöndlunar.

**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Ábending:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.12.2020

*Steinunn Karlsdóttir*

Steinunn Karlsdóttir